

Byggðastofnun

Árshlutauppgjör janúar - júní 2018

Ártorg 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra.....	1
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Rekstur tímabilið janúar – júní 2018

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 62,7 milljónum króna á tímabilinu en til samanburðar var 20,1 milljóna króna tap á sama tímabili 2017. Eigið fé í lok júní samkvæmt efnahagsreikningi var 3.070 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 21,73% en var 23,57% í lok árs 2017.

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok júní var eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 21,73% eins og að ofan greinir. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka fyrir stofnunina auk verndunarauka skv. 86 gr. e sömu laga. Samanlögð krafa um eiginfjárauka er 3,75% frá 1. janúar 2018. Skv. ákvörðun FME dags. 15. maí 2018 skal Byggðastofnun viðhalda 1,75% sveiflujöfnunarauka og 2,5% verndunarauka frá og með 15. maí 2019.

Í byrjun janúar hélt Byggðastofnun útboð á nýjum skuldabréfaflokki BYG 18 1 Var ákveðið að taka tilboðum að nafnvirði 2.000 milljónir króna á ávöxtunarkröfunni 2,35%.

Í apríl óskaði Framkvæmdasýsla ríkisins fyrir hönd Byggðastofnunar eftir tilboðum í byggingu á nýrri skrifstofubyggingu fyrir stofnunina að Sauðármýri 2 á Sauðárkróki. Fjögur tilboð bærust og var lægsta tilboðið rúmlega 40% yfir kostnaðaráætlun. Stjórn ákvað á fundi í júní að hafna öllum tilboðum. Stefn er að öðru útboði fyrir árslok.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok júní 14.882 milljónum króna og hefur hækkað um 1.749 milljónir króna frá áramótum. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlíð efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 12.078 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.614 milljónir króna frá áramótum. Handbært fé í lok júní nam 1.188 milljónum króna, en var 1.090 milljónir króna í árslok 2017. Lántökur námu 11.642 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.722 milljónir króna. Ný útlán á tímabilinu námu 1.905 milljónum króna á móti 1.099 milljónum króna á sama tíma 2017.

Stjórnarhættir

Málefni byggðamála, og þar á meðal Byggðastofnun heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Í 4. gr. ofangreindra laga er nánar kveðið á um verkefni stjórnar. Stjórn hefur sett sér reglur um störf sín og voru þær síðast endurskoðaðar í febrúar 2018.

Á ársfundi stofnunarinnar 25. apríl 2018 skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2019. Í stjórnina voru skipuð Illugi Gunnarsson stjórnarformaður, Einar E. Einarsson varaformaður, Gunnar Þór Sigbjörnsson, Gunnar Þorgeirsson, Karl Björnsson, María Hjálmsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Úr stjórninni gengu Ingunn Guðmundsdóttir og Rakel Óskarsdóttir. Fjármálaeftirlitið metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa og afgreiðslu lánamála yfir sínum heimildamörkum. Þá eru til staðar áhættunefnd, vanskilaneftnd og öryggisneftnd hjá stofnuninni sem settar hafa verið verklagsreglur um. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignausýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

Í umboði stjórnar starfar Endurskoðunarnefnd sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk með endurskoðun stofnunarinnar. Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilafærli stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint í verklagsreglum hennar og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Á fundi stjórnar 25. maí 2018 voru Fjóla B. Jónsdóttir, Einar E. Einarsson og Ólafur Sigurbergsson skipuð í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til eins árs.

Í júní samþykkti stjórn stefnu um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skv. lögum nr. 77/2000. Þá hefur stjórn einnig skipað persónuverndarfulltrúa og sett honum erindisbréf.

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól Endurskoðunarpjónustunni ehf. að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2013-2017 og óskaði eftir að félagið myndi kanna árshlutauppgjör stofnunarinnar 2018.

Byggðastofnun er undanþegin rekstri á innri endurskoðunardeild skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020.

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Verkefni forstjóra eru nánar tilgreind í 5. gr. laga um Byggðastofnun.

Stjórn skipar regluvörð samkvæmt erindisbréfi og kemur regluvörður að lágmarki einu sinni á ári fyrir stjórn og kynnir skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyrja.

Stofnunin skiptist í fjögur svið, fyrirtækjasvið, lögfræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið. Fjöldi starfsmanna í lok júní var 26 í jafn mörgum stöðugildum.

Áhættustýring

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Skv. niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar á stjórn Byggðastofnunar.

Skipaður hefur verið sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar í samræmi við 17. grein laga um fjármálafyrirtæki sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2017. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausán aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyrja einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Á árinu 2015 var í fyrsta skipti staðfest áhættustefna af stjórn Byggðastofnunar og er hún endurskoðuð árlega, nú síðast í janúar 2018, en stjórn Byggðastofnunar ber ábyrgð á áhættustýringu stofnunarinnar. Byggðastofnun ber að varðveita eigið fé að raungildi og og ákveður stjórn stofnunarinnar viðunandi áhættu í samræmi við það viðmið. Fjórum sinnum á ári fær stjórn stofnunarinnar upplýsingar um áhættu stofnunarinnar og framkvæmd áhættustýringar.

Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa flestir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Fjármögnun

Í byrjun árs var gefinn út skuldabréfaflokkur sem skráður var í Kauphöll Íslands. Var hann til 15 ára og ber 2,34% vexti.

Í júlí 2017 gaf Reitun ehf. út lánshæfismat fyrir Byggðastofnun í annað skiptið. Einkunnin er i.AAA með stöðugum horfum en i.AAA er besta einkunn sem Reitun ehf. gefur og er óbreytt frá síðasta mati. Einkunnargjöf Reitunar ehf. miðar við innlendar einkunnir í stað alþjóðlegra einkunna og er því i. bætt fyrir framan bókstafina. Ríkissjóður fær viðmiðunareinkunnina i.AAA sem er besta mögulega einkunn sem Reitun ehf. gefur. Aðrir útgefendur eru metnir út frá þeirri einkunn. Reitun ehf. flokkar einkunnir frá i.AAA til i.BBB3 sem fjárfestingahæfar eignir.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðunum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil lánastofnana.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Byggðastofnunar á tímabilinu janúar – júní 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissum sem stofnunin býr við.

Stjórn Byggðastofnunar og forstjóri hafa fjallaði um árshlutareikninginn fyrir tímabilið janúar - júní 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2018

Könnunaráritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 30. júní 2018. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn stofnunarinnar og forstjóri eru fyrst og fremst ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnun okkar.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda einingarinnar á árshlutareikningi hennar. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit okkar á reikningsskilunum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu 1. janúar 2018 til 30. júní 2018, efnahag hennar þann 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur.

Reykjavík, 24. ágúst 2018

Endurskoðendapjónustan ehf.

Hinrik Gunnarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur janúar - júní 2018

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		2018	2017
	Skýr.	janúar - júní	janúar - júní
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....		29.576	43.503
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....		483.398	397.423
		<u>512.974</u>	<u>440.926</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		285.297	226.589
Önnur vaxtagjöld.....		78	214
		<u>285.375</u>	<u>226.803</u>
	Hreinar vaxtatekjur	<u>227.599</u>	<u>214.123</u>
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	188.096	182.300
Gengismunur.....	7	146	(23.903)
Aðrar rekstrartekjur.....	8	108.197	79.302
		<u>296.438</u>	<u>237.699</u>
	Hreinar rekstrartekjur	<u>524.037</u>	<u>451.822</u>
Rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		101.148	98.241
Veittir aðrir styrkir.....		70.226	49.886
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	186.047	158.665
Annar rekstrarkostnaður.....		79.724	70.708
Rekstur fullnustueigna.....	12	(4.041)	8.500
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	15	3.012	3.652
Framlög í afskriftarr. útlána o.fl.....	2,13	25.226	82.239
		<u>461.344</u>	<u>471.892</u>
	Hagnaður (tap) tímabilsins	<u>62.693</u>	<u>(20.070)</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2018

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		30.6.2018	31.12.2017
	<i>Skýr</i>		
Eignir			
Bankainnstæður.....	9	1.188.208	1.089.861
Útlán til viðskiptavina.....	10	12.078.084	10.463.653
Fullnustueignir.....	11	330.010	340.510
Veltuhlutabréf.....	14	564.108	594.926
Hlutdeildarfélög.....	14	647.421	576.288
Viðskiptakröfur.....		4.535	14.147
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	15	69.416	53.858
		<hr/>	<hr/>
Eignir samtals		14.881.780	13.133.244
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé			
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	17	11.641.706	9.920.045
Óráðstöfuð framlög.....		60.030	130.852
Aðrar skuldir.....		110.057	75.053
		<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals		11.811.793	10.125.951
		<hr/>	<hr/>
Eigið fé			
Eigið fé.....	2,18	3.069.987	3.007.293
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals		14.881.780	13.133.244
		<hr/>	<hr/>

Sjóðstreymi janúar - júní 2018

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2018 janúar - júní	2017 janúar - júní
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður tímabilsins.....	62.693	(20.070)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa.....	24.066	73.965
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	3.012	3.652
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna.....	0	50
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	(100.620)	94.003
Handbært fé frá (til) rekstrar	<u>(10.848)</u>	<u>151.600</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána.....	428.020	634.668
Veitt lán.....	(1.905.465)	(1.099.042)
Innleystar eignir.....	(4.883)	(23.516)
Hlutabréf.....	55.013	(25.787)
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(18.570)	(9.676)
Skuldunautar.....	9.612	12.219
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(1.436.272)</u>	<u>(511.135)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum.....	(418.714)	(620.130)
Nýjar lántökur.....	2.000.000	0
Lánadrottnar.....	(35.818)	(68.316)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>1.545.468</u>	<u>(688.446)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	98.347	(1.047.981)
Handbært fé í ársbyrjun	1.089.861	2.757.542
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u><u>1.188.208</u></u>	<u><u>1.709.560</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutareikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2018. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða sölugengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Gengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:	30.06.2018	31.12.2017
USD	106,65	104,67
DKK	16,66	16,84
JPY	0,97	0,93
EUR	124,15	125,40
Gengi Arion banka í lok tímabilsins		
EUR	123,57	124,62
Gengi Landsbankans í lok tímabilsins		
EUR	122,82	123,87
Gengi Íslandsbanka í lok tímabilsins		
USD	105,17	103,08
JPY	0,95	0,91
EUR	122,79	123,84

Skýringar

Vísitölur í upphafi tímabilsins:

	1.7.2018	1.1.2018
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	451,8	446,0

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á áætluðu söliverði. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru flokkuð í útlán til viðskiptavina og fullnustueignir. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
	janúar - júní	janúar - júní
Laun	131.983	123.029
Lífeyrissjóðsframlög	23.921	17.283
Tryggingagjald	10.381	9.662
Breyting á áunnu orlofi	15.759	4.864
Önnur launatengd gjöld	4.004	3.828
Laun og launatengd gjöld alls	<u>186.047</u>	<u>158.665</u>

Að meðaltali störfuðu 26 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf. Þann 30. júní 2018 voru 26 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 26.

4. Þóknanir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

	2018	2017
	janúar - júní	janúar - júní
Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður frá 25.04.2017	1.559	501
Herdís Á Sæmundardóttir, stjórnarformaður til 25.04.2017	0	1.201
Anna Guðrún Björnsdóttir (varamaður)	0	62
Einar E. Einarsson, varaformaður stjórnar	1.004	1.031
Eiríkur Blöndal, (varamaður) frá 25.04.2018	127	0
Gunnar Þór Sigbjörnsson, stjórnarmaður frá 25.04.2018	254	75
Gunnar Þorgeirsson, stjórnarmaður frá 06.10.2017	769	0
Ingunn Guðmundsdóttir, stjórnarmaður til 25.04.2018	519	248
Karl Björnsson	773	844
Lilja Sigurðardóttir, stjórnarmaður til 25.04.2017	0	497
María Hjálmarisdóttir, stjórnarmaður frá 25.04.2018	254	0
Oddný María Gunnarsdóttir, (varamaður)	127	658
Rakel Óskarsdóttir, stjórnarmaður til 25.04.2018	519	248

Skýringar

Róbert Guðfinnsson, stjórnarmaður 25.04-03.06.2017	0	135
Sigríður Guðrún Hauksdóttir (varamaður)	0	113
Sigríður Jóhannesdóttir	773	844
Sveinn Auðunn Sæland (varamaður)	0	62
Valdimar Hafsteinsson, stjórnarmaður til 25.04.2017	0	596
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri	8.206	8.333
Póknanir til stjórnar og forstjóra samtals	<u>14.884</u>	<u>15.448</u>

5. Póknanir endurskoðenda

Póknanir endurskoðenda greinast þannig:

	2018	2017
	janúar - júní	janúar - júní
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörs	3.642	3.394
Önnur sérfræðipjónusta/innri endurskoðun	332	1.000
Póknanir endurskoðenda samtals	<u>3.974</u>	<u>4.394</u>

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

	2018	2017
	janúar - júní	janúar - júní
Almennur rekstur	86.948	84.059
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	101.148	98.241
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	<u>188.096</u>	<u>182.300</u>

	janúar - júní	janúar - júní
Framlag ríkissjóðs v. Brothættra byggða	25.000	0
Annað framlag ríkissjóðs samtals	<u>25.000</u>	<u>0</u>

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning.

	janúar - júní	janúar - júní
Styrkur v. Byggðarannsóknasjóðs	5.750	7.400
Veittir styrkir alls	<u>5.750</u>	<u>7.400</u>

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færði á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brothætta byggðir“ nam 81.611 þúsund krónum á árinu og er færður í rekstrarreikning. Tekjur námu 81.611 þúsund krónum og eru færðar meðal annarra rekstrartekna.

7. Gengismunur

	2018	2017
	janúar - júní	janúar - júní
Gengismunur af útlánum og gjaldeyrisreikningum	19.271	(162.371)
Gengismunur af lántökum	(19.125)	138.468
	<u>146</u>	<u>(23.903)</u>

Skýringar

8. Aðrar rekstrartekjur

	2018	2017
	janúar - júní	janúar - júní
Endurgreiddur ýmiss útlagður kostnaður	93.147	62.506
Arður og hagnaður af sölu hlutabréfa	9.037	12.587
Tekjur af rekstrarfjármunum	3.386	2.940
Innheimtutekjur	849	786
Annað	1.777	484
	<u>108.196</u>	<u>79.303</u>

9. Bankainnistæður

	30.6.2018	31.12.2017
Bankainnstæður í íslenskum krónum	673.152	559.262
Bankainnstæður í erlendri mynt	515.056	530.599
Bankainnstæður samtals	<u>1.188.208</u>	<u>1.089.861</u>

10. Útlán til viðskiptavina

	30.6.2018	31.12.2017
Sundurliðun eftir myntum		
Útlán í íslenskum krónum	9.656.552	7.899.576
Útlán í erlendum myntum	2.421.532	2.564.077
	<u>12.078.084</u>	<u>10.463.653</u>

Sundurliðað eftir lántakendum:	30.6.2018	31.12.2017
Bæjar- og sveitarfélög	0,00%	0,00%
Einstaklingar	27,23%	23,71%
Sundurliðað eftir atvinnugreinum:		
Þjónustustarfsemi	39,15%	39,87%
Sjávarútvegur	14,74%	18,91%
Iðnaður	7,23%	9,00%
Landbúnaður	11,64%	8,51%
Fjármálastofnanir	0,00%	0,01%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2018	31.12.2017
Gjaldkræfar kröfur	91.945	103.268
Allt að 3 mánuðum	248.155	149.191
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	710.999	753.746
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.638.977	3.202.051
Yfir 5 ár	7.388.007	6.255.398
	<u>12.078.083</u>	<u>10.463.654</u>

Skýringar

11. Fullnustueignir

	30.6.2018	31.12.2017
Fasteignir	328.010	340.510
Lausafjármunir	2.000	0
	<u>330.010</u>	<u>340.510</u>
	F. mat	Stærð m²
Eyrarland 1, Hvammstanga	8.110	159,2
Grænigarður, Ísafirði	60.091	1.366,7
Nesbraut 7, Reyðarfirði	33.250	722,4
Pálsbergsgata 3 og 5, Ólafsfirði	34.350	1.851,4
Sandhorn, Hrísey	20.600	832,7
Sólvellir 23, Breiðdalsvík	73.444	2.081,6
Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisfirði	10.750	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	11.010	456,1
Valgerðarstaðir 4, Fljótisdalshéraði	108.950	5.148,3
	<u>360.555</u>	<u>13.219,4</u>

Fullnustueignir eru bókfærðar í árshlutareikningi á 330.010 þúsund krónur.

	2018	2017
	janúar - júní	janúar - júní
Fjöldi fullnustueigna í eigu Byggðastofnunar í ársbyrjun	11	17
Fullnustueignir innleystar til fullnustu krafna á tímabilinu	1	0
Fullnustueignir seldar á tímabilinu	(2)	(4)
Fullnustueignir í eigu Byggðastofnunar í lok tímabils	<u>10</u>	<u>13</u>

12. Rekstur fullnustueigna

	2018	2017
	janúar - júní	janúar - júní
Leigutekjur	13.889	16.077
Rekstrarkostnaður	9.848	24.577
	<u>4.041</u>	<u>(8.500)</u>

13. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutafjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána skiptist í sérstakan afskriftarreikning og almennan afskriftarreikning. Undir sérstakan afskriftarreikning útlána falla lántakar með vanskil umfram 3 mánuði auk lántakenda sem metnir eru með verulega tapshættu. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

Skýringar

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána			
Staðan 1. janúar	251.516	738.894	990.410
Framlög á tímabilinu	53.719	57.818	111.537
Endanlega töpuð útlán	(7.371)		(7.371)
Staða 30. júní	297.864	796.712	1.094.576
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	2,60%	6,96%	9,56%

	2018 janúar - júní	2017 janúar - júní
Framlag á tímabilinu	111.537	37.630
Framlag vegna viðskiptakrafna	500	2.674
Endurmat fullnustueigna	8.516	12.998
Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélögum	(71.133)	(6.664)
Matsverðsbreyting á veltufjárbréfum	(24.194)	35.600
Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi	25.226	82.238

14. Hlutafjäreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

Hlutdeildarfélög, eignarhlutur > 20%	Eignarhluti	Nafnverð
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	22,38%	1.933
Ámundakinn ehf.	21,59%	43.815
Dýralíf ehf.	33,81%	4.000
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,00%	109.142
Fasteignafélagið Hvammur ehf.	24,85%	16.919
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf.	30,00%	7.124
Fjallalamb hf.	21,26%	27.344
Fjárfestingafélagið Vör hf.	41,95%	35.940
Hvetjandi ehf.	40,16%	111.529
Molta ehf.	30,00%	50.000
Nes-Listamiðstöð ehf.	35,71%	5.000
Raflagnir Austurlands ehf.	22,37%	3.600
Ullarvinnsla Frú Láru ehf.	29,76%	2.500
Útgerðarfélagið Skúli ehf.	30,00%	24.274
Vilko ehf.	21,99%	21.555
Þörungaverksmiðjan hf.	27,67%	7.919
Hlutdeildarfélög, samtals nafnverð		472.594

Skýringar

	<u>Eignarhluti</u>	<u>Nafnverð</u>
Veltufjárbréf, eignarhlutur ≤ 20%		
Ásgarður hf.	13,78%	15.000
Borg, saumastofa ehf.	19,82%	170
Eðalís ehf.	11,06%	3.000
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	19,03%	96.840
Fánasmiðjan ehf.	9,95%	4.167
Fiskvinnslan Drangur ehf.	4,08%	1.000
Grand hótél Mývatn ehf.	7,22%	10.000
Hótél Flúðir hf.	4,77%	1.194
Hótél Húsavík ehf.	0,38%	136
Hótél Varmahlíð hf.	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf.	19,70%	2.000
Hæðin á Höfðabraut ehf.	12,28%	2.000
P/F Smyril-line (1.868 þús. DKK)	1,67%	31.128
Samkaup hf.	2,77%	10.801
Snorri Þorfinnsson ehf.	19,89%	12.000
Tröllasteinn ehf.	19,72%	7.000
Yrkjar ehf.	7,29%	1.800
Þórsberg ehf.	16,69%	30.191
Veltufjárbréf, samtals nafnverð		<u>231.427</u>
Hlutafjäreign, samtals nafnverð		<u>704.021</u>

Hlutabréf í hlutdeildarfélagum eru bókfærð í árshlutareikningi á 647.421 þúsund krónur og veltufjárbréf eru bókfærð á 564.108 þúsund krónur. Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 531.940 þúsundir króna.

15. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<u>Fasteignir</u>	<u>Bifreiðar</u>	<u>Hugbúnaður</u>	<u>Samtals</u>
Stofnverð 1/1	42.411	21.263	7.216	70.890
Afskrifað alls 1/1	(5.579)	(7.123)	(4.330)	(17.032)
Bókfært verð 1/1	<u>36.832</u>	<u>14.140</u>	<u>2.886</u>	<u>53.858</u>
Viðbót á árinu	14.070	4.500	0	18.570
Afskrifað á árinu	(165)	(2.126)	(722)	(3.013)
Bókfært verð 30/06	<u>50.737</u>	<u>16.514</u>	<u>2.164</u>	<u>69.415</u>
Stofnverð alls 30/06	56.481	25.763	7.216	89.460
Afskrifað alls 30/06	(5.744)	(9.249)	(5.052)	(20.045)
Bókfært verð 30/06	<u>50.737</u>	<u>16.514</u>	<u>2.164</u>	<u>69.415</u>
Afskriftarhlutföll	2%	20%	20%	

Skýringar

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Háahlíð 4, Sauðárkróki	41.200	72.850	10.711
Sauðármýri 2, Sauðárkróki	6.800	0	40.027
	<u>48.000</u>	<u>72.850</u>	<u>50.738</u>

16. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

	30.6.2018	31.12.2017
Erlent:		
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	2.936.588	3.094.676
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	3.106.900	3.265.843
Nettó staða erlendra eigna og skulda	<u>(170.312)</u>	<u>(171.167)</u>
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	8.528.387	6.926.235
Verðtryggðar skuldir	8.562.536	6.654.203
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	<u>(34.149)</u>	<u>272.032</u>

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

30.6.2018	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	311.466	541.929	1.568.137	2.421.532
Handbært fé	370.443	97.487	47.126	515.056
Eignir samtals	<u>681.909</u>	<u>639.416</u>	<u>1.615.263</u>	<u>2.936.588</u>
Lántökur	673.510	704.018	1.729.372	3.106.900
Nettó staða	<u>8.399</u>	<u>(64.602)</u>	<u>(114.109)</u>	<u>(170.312)</u>

Skýringar

31.12.2017	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	274.625	690.518	1.598.934	2.564.077
Handbært fé	363.081	0	167.518	530.599
Eignir samtals	637.706	690.518	1.766.452	3.094.676
Lántökur	689.885	708.377	1.867.580	3.265.842
Nettó staða	(52.179)	(17.859)	(101.128)	(171.166)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

17. Lántökur og skuldabréfaútgáfur

Sundurliðun eftir tegund	30.6.2018	31.12.2017
Verðtryggðar skuldabréfaútgáfur	8.534.806	6.654.203
Erlendar lántökur	3.106.900	3.265.843
	11.641.706	9.920.045

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2018	31.12.2017
Gjaldkræft	0	0
Allt að 3 mánuðum	164.586	83.600
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.087.713	989.889
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	4.524.041	3.959.886
Yfir 5 ár	5.865.366	4.886.671
	11.641.706	9.920.046

Lántökur skiptast þannig eftir mynt:

	Greiðslu- skilmálar	Loka- gjaldddagi	Vaxtakjör	30.6.2018	31.12.2017
ISK	Jafnar gr.	2030-2034	2,34-5,0% verðtr.	8.534.806	6.654.203
USD ..	Jafnar afb.	2025	Libor +1,5%	673.510	689.885
JPY ...	Jafnar afb.	2023	Libor +1,5%	704.018	708.377
EUR ..	Jafnar afb.	2021-2025	Euribor +0,2-1,45%	1.729.372	1.867.580
				11.641.706	9.920.045

18. Eigið fé

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok júní var eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 21,73%. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka fyrir stofnunina auk verndunarauka skv. 86 gr. e sömu laga. Samanlögð krafa um eiginfjáruka er 3,75% frá 1. janúar 2018. Skv. ákvörðun FME dags. 15. maí 2018 skal Byggðastofnun viðhalda 1,75% sveiflujöfnunarauka og 2,5% verndunarauka frá og með 15. maí 2019.

Skýringar

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

	30.6.2018	31.12.2017
Eiginfjárbáttur A	3.069.987	3.007.294
Samtals	3.069.987	3.007.294
Útlánaáhætta	12.236.813	10.863.699
Markaðsáhætta	170.312	171.098
Rekstraráhætta	1.722.321	1.722.321
Áhættugrunnur	14.129.446	12.757.118
	30.6.2018	31.12.2017
Staða í upphafi árs	3.007.294	2.907.663
Hagnaður ársins	62.693	99.631
	3.069.987	3.007.294
Eiginfjárlutfall	21,73%	23,57%

19. Ábyrgðir og skuldbindingar

Byggðastofnun var ekki í neinum ábyrgðum gagnvart þriðja aðila þann 30. júní 2018. Í árslok voru 62 lánsloforð að fjárhæð 2.892 milljónir króna óafgreidd. Samkvæmt reglum Byggðastofnun falla lánsloforð niður 12 mánuðum frá því þau eru samþykkt.

20. Viðskipti við tengda aðila

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélag eru skilgreind sem tengdir aðilar auk náinna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á tímabilinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila námu í lok tímabilsins 271.863 þúsund krónum og voru 2.721 þúsund krónur í vanskilum.